



Borgarráð

Reykjavík, 15. desember 2025

MSS25120048

Samningur við Íslandsstofu um framkvæmd markaðs- og kynningarverkefnisins Meet in Reykjavík

Lagt er til að borgarráð samþykki meðfylgjandi samning við Íslandsstofu um framkvæmd markaðs- og kynningarverkefnisins Meet in Reykjavík sem gildir frá 2026 til 2030. Framlag Reykjavíkurborgar er 40 m.kr. á ári út samningstímann sem er óbreytt upphæð frá fyrri samningi sem rennur út í lok árs 2025. Þá mun Íslandsstofa leggja til 46 m.kr. árlega til samningsins og Harpa 5 m.kr. Framlag Íslandsstofu skiptist í kr. 21.m.kr. fjárframlag annars vegar og 25 m.kr. sem eru hlutdeild verkefnisins í sameiginlegum kostnaði.

Greinargerð:

Markmið Meet in Reykjavík er að styrkja ímynd Íslands og Reykjavíkur sem eftirsóknarverður áfangastaður fyrir ráðstefnur, fundi, hvataferðir og alþjóðlega viðburði (e. Mice) og auka hlutfall þeirra ferðamanna sem koma til landsins í þeim tilgangi allt árið um kring. Markaðsverkefnið er unnið í samræmi við leiðarljós í íslenskri ferðaþjónustu, útflutningsstefnu Íslands og ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar. Einstök fyrirtæki og aðrir hagaðilar geta gerst aðilar að verkefninu í samræmi við ákvarðanir verkefnastjórnar sem skipa sex einstaklingar, þar af einn fulltrúi frá Reykjavíkurborg sem verður formaður stjórnar árin 2026 og 2027 og 2030.

Samkvæmt samantekt Íslandsstofu er markaður fyrir ráðstefnur, fundi, hvataferðir og alþjóðlega viðburði einn af lykildrifröftum hagrænnar innspýtingar ferðaþjónustu vegna þeirrar arðbærni sem og samfélagslegs ávinnings sem þessi hluti ferðaþjónustunnar skapar. Greining sem KPMG vann fyrir Íslandsstofu sýnir hún að MICE ferðamenn skila allt að 2,7 sinnum hærri tekjum en hefðbundnir ferðamenn. Þá tekur langan tíma að tryggja verkefni til áfangastaðarins því ráðstefnukaupendur er mjög áhættufællinn markhópur og því tekur langan tíma að tryggja verkefni til áfangastaðarins. Góður árangur hefur náðst í ráðstefnusókn en áætlað er að gjaldeyristekjur vegna ráðstefnu- og viðburðarumsókna 2024 hafi verið um 7,8 milljarðar króna.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Ársskýrsla 2024 – Meet in Reykjavík

Meet in Reykjavík

MICE ferðaþjónusta á Íslandi – skýrsla 06_2023

Meet in Reykjavík – nýr samningur 2026-2030



Reykjavík

Minnisblað

Til: Stjórnar Íslandsstofu

Varðar: Meet in Reykjavík – Iceland Convention Bureau

Inngangur:

Meet in Reykjavík – Iceland Convention Bureau, eða Ráðstefnuborgin Reykjavík, var stofnuð í febrúar 2012 í þeim tilgangi að styrkja ímynd Reykjavíkur sem eftirsóknarverður áfangastaður fyrir ráðstefnur, fundi, hvataferðir og alþjóðlega viðburði (e. MICE). Frumkvæði að stofnun höfðu Reykjavíkurborg, Icelandair Group og Harpa en alls komu fimmtán fyrirtæki að félaginu í upphafi. Fjármögnun nam 95 milljónum króna. Félagið starfaði sem sameiginlegt verkefni opinberra og einkaaðila fram að áramótunum 2019-2020 og áttu þá um 40 fyrirtæki aðild að því.

Íslandsstofa tók við rekstri verkefinsins árið 2020 og hefur séð um rekstur þess síðan undir merkjum Meet in Reykjavík – Iceland Convention Bureau. Við undirritun þess samkomulags var samið um að Reykjavíkurborg og Íslandsstofa myndu fjármagna verkefnið að fullu ásamt stuðningi frá Icelandair og Hörpu. Sá samningur gildir til loka árs 2025.

Markmið:

Markmið verkefnisins er að styrkja ímynd Íslands og Reykjavíkur sem eftirsóknarverður áfangastaður fyrir ráðstefnur, fundi, hvataferðir og alþjóðlega viðburði, og auka hlutfall þeirra ferðamanna sem koma til landsins í þeim tilgangi allt árið um kring.

Markaðsverkefnið er unnið í samræmi við leiðarljós í íslenskri ferðaþjónustu, útflutningsstefnu Íslands og ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar.

Talsverðir hagsmunir eru í húfi fyrir áfangastaði að byggja upp orðspor og eftirspurn innan MICE markaðarins vegna arðbærni hans. Rannsóknir sýna enn fremur að sá markaður styður við tæknilega framþróun, eflir viðskiptatækifæri og stuðlar að uppbyggingu sértækrar þjónustu og innviða (UNWTO 2014). Samkvæmt greiningu sem KPMG vann fyrir Meet in Reykjavík, voru tekjur af ferðamönnum sem komu til landsins gagngert til að sækja MICE viðburði allt að 2,7 sinnum hærri en af hefðbundnum ferðamönnum. Jafnframt styður MICE ferðaþjónusta við það markmið að draga úr árstíðabundnum sveiflum í ferðaþjónustu þar sem mikill meirihluti þeirra ferðamanna sækir landið heim utan háannar.

Skipulag og haghafar:

Meet in Reykjavík – Iceland Convention Bureau markaðsverkefnið er opið öllum fyrirtækjum sem hafa hagsmuni af MICE ferðaþjónustu, eru með gild starfsleyfi og

tryggingar. Skráning og þátttaka í almennu félagsstarfi er gjaldfrjálst en fyrirtæki greiða fyrir þátttöku í sértækum verkefnum, s.s. sýningum, söluheimsóknum, vinnustofum og fræðslufundum. Samstarfsfyrirtæki eru nú 66 og var töluverð aukning á árinu.

Samstarfsfyrirtæki fá sýnileika á vef verkefnisins og er heimilt að nota vörumerkið Meet in Reykjavík í sínu markaðsefni markaðsefni. Fyrirtæki með viðurkennda sjálfbærnivottun njóta forgangs í þátttöku á sýningum og öðrum sértækum verkefnum. Auk þess eru þau merkt sérstaklega á vef verkefnisins og fá aukinn sýnileika á kynningarefni og í tilboðsgögnum samkvæmt samþykktum verkefnastjórnar.

MiR er hluti af ICCA samtökunum og hefur aðgang að gagnabanka þeirra um alþjóðlegar ráðstefnur. Í samstarfi við Hörpu vinnur verkefnið einnig með ráðgjafafyrirtækinu SFA-Connect sem aflar upplýsinga um ráðstefnutækifæri sem hægt er að sækja til landsins. Tækifærin eru miðuð við styrkleika Íslands í þekkingar-, vísinda- og atvinnulífi og miðar stór hluti starfsins að því að umbreyta ábendingum (leads) í ráðstefnuumsóknir. Á síðari stigum er unnið náið með ráðstefnuskipuleggjendum (PCOs). Áhersla er á gæði fremur en magn, þ.e. ekki að senda út sem flestar umsóknir heldur af þeim gæðum sem auka möguleikana á að vinna ráðstefnuna sem boðið er í til landsins.

Meet in Reykjavík hefur frá árinu 2018 átt í formlegu samstarfi við Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík, Listaháskóla Íslands, Háskólann á Bifröst, Háskólann á Hólum og Landbúnaðarháskóla Íslands. Markmið þess samstarfs er að fjölga alþjóðlegum akademískum fundum og ráðstefnum á vegum háskólanna hér á landi. Meet in Reykjavík veitir háskólunum, starfsfólki þeirra og samstarfsaðilum aðstoð við undirbúning, upplýsingaöflun og tilboðsgerð fyrir alþjóðlega fundi og ráðstefnur sem tengjast háskólunum með einhverjum hætti. MiR býður starfsfólki HÍ og HR upp á reglulega viðtalstíma sem bæði eru nýttir til að afla nýrra verkefna en einnig að vinna að ráðstefnuverkefnum sem eru í vinnslu hjá MiR. Öðrum háskólum er einnig boðið upp á viðtalstíma en misjafnt er hvort þeir nýti sér það.

Fjármál:

Verkefnið er fjármagnað af kjölfestuaðilum sem eru Íslandsstofa, Reykjavíkurborg og Icelandair auk Hörpu og er fjármagn hvers árs 110 milljónir króna samkvæmt samningi. Reykjavíkurborg leggur til 40 milljónir, Íslandsstofa leggur til 40 milljónir, Icelandair leggur til 25 milljónir og Harpa leggur til fimm milljónir. Samanlagður vinnutími starfsmanna Íslandsstofu sem hafa farið í verkefnið það sem af er ári eru 4031 klukkustundir en voru 4606 klukkustundir árið 2023.

Verkefni ársins:

Sendar voru 27 umsóknir í alþjóðlegar ráðstefnur og viðburði árið 2024. Tíu umsóknir voru staðfestar og í ellefu tilfellum er beðið eftir niðurstöðum. Sex umsóknir eru flokkaðar sem „tapaðar“ en í þeim felst tækifæri fyrir næstu ár, þ.e. til að sækja um aftur. Reynslan

sýnir að um 30% umsókna eru staðfestar á endanum, en stundum þarf að sækja um í tví- eða þrígang. Meet in Reykjavík stendur því vel að vígi þar sem 37% þeirra verkefna sem sótt var um árið 2024 voru samþykkt í fyrstu tilraun.

Þess má geta að þessar 10 staðfestu umsóknir telja um 5100 gesti, sem ætla má að skili 2,1 milljörðum í gjaldeyrstekjur ef miðað er við úttekt KPMG á meðal eyðslu ráðstefnugesta. Beðið er eftir niðurstöðu vegna verkefna sem ná til 11 þúsund gesta og myndu þá skila um 4,5 milljörðum í gjaldeyrstekjur ef þau væru öll staðfest. Ef meðaltal síðustu ára fyrir staðfest verkefni er skoðað má ætla að 4-6 verkefni þessa árs verði staðfest til viðbótar og myndu þá skila á milli 1,5 -2,2 milljörðum til viðbótar.

Ráðstefnu- og viðburðasókn í tölum			
	Fjöldi	Heildarfjöldi gesta	Áætlaðar gjaldeyrstekjur
Ráðstefnu- og viðburðarumsóknir 2024	27	19,015	7,796,150,000
Þar af:			
Staðfest verkefni	10	5,130	2,103,300,000
Töpuð verkefni	6	2,735	1,212,350,000
Beðið niðurstöðu	11	11,150	4,571,500,000

MiR tók þátt í The Future of Health Care Meetings í Zurich og var það skref í að kynna Reykjavík og Ísland betur fyrir fagsamböndum innan heilbrigðisgreina. Áhugi var á Íslandi sem áfangastað og verður tekið þátt í svipuðu verkefni á komandi ári, með það fyrir augum að fjölda ráðstefnuumsóknum innan heilbrigðisgreina.

MiR skipulagði þátttöku á IMEX Frankfurt í maí, IMEX America í Las Vegas í október og IBTM World Barcelona í nóvember, sem eru sértækar sölusýningar fyrirtækja á MICE markaði. 35 íslensk fyrirtæki tóku þátt og tóku þau samtals yfir 850 fyrirfram bókaða fundi. Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, forseti borgarstjórnar og formaður verkefnastjórnar MIR tók þátt í sýningunum í Frankfurt og Barcelona og kom þar fram á málstofum um stefnumótun í MICE ferðapjónustu.

Ársfundur Meet in Reykjavík – Iceland Convention Bureau var haldinn í apríl. Rýnifundur var haldinn með samstarfsfyrirtækjum í ágúst 2024 og var hann mjög vel sóttur. MICEland vinnustofa sem alla jafna er haldin að hausti var færð aftur til janúar 2025. Ástæða þess var þátttaka MiR í ferðapjónustuviku sem er samstarf milli Íslandsstofu, Ferðamálastofu, SAF og Íslenska ferðaklasans. Vikan þótti heppnast mjög vel og var mikil ánægja með það fyrirkomulag að halda MICEland í tengslum við hana. Þrjátíu samstarfsfyrirtæki skráðu sig sem sýnendur og um 50% aukning var á gestafjölda frá því áður.

MiR stóð fyrir einni blaðamannaferð þar sem þremur blaðamönnum frá Þýskalandi og Bretlandi var boðið til landsins til að kynna sér Ísland sem áfangastað fyrir ráðstefnur, fundi, hvataferðir og viðburði. Heimsóttu blaðamennirnir m.a. Hörpu og Arctic Circle, ráðstefnuhótel, afþreyingar og Bláa Lónið. Þá sá Sena DMC um blaðamennina einn dag þar sem áhersla var á afþreyingu fyrir hvataferðahópa, bæði í Reykjavík og nágrenni. Öllum samstarfsfyrirtækjum MiR var boðið að taka þátt. Mikil ánægja var með ferðina og áfangastaðinn og hafa nú þegar birst tvær greinar um Ísland sem MICE áfangastað sem ná til um 60 þúsund manns að meðaltali.

Árangur:

Góður árangur hefur náðst í ráðstefnusókn líkt og tölur um unnar umsóknir sýna. Íslensk fyrirtæki náðum góðum árangri á sýningum á vegum Meet in Reykjavík og voru alla jafna með fullar fundarbækur alla daga. Þjónustukönnun sýnir jafnframt mikla ánægju meðal fyrirtækja með þjónustu Meet in Reykjavík.

Tölulegar upplýsingar um hverju ráðstefnusókn skilar í gjaldeyristekjum er annar af tveimur mikilvægum árangursmælikvörðum og hefur þegar verið rakin hér að ofan. Annar mælikvarði sem mikilvægt er að minnast á er sú þekking sem verður til innan fagstétta sem á endanum skilar sér til samfélagsins í þjónustupróun, alþjóðlegri samvinnu og nýsköpun.

Árangur í hvataferðasókn hefur verið skilgreindur sem fjöldi funda fyrirtækja á sýningum, fjöldi fyrirtækja sem fara með á sýningar og útkoma þjónustukannanna í tengslum við sýningar og vinnustofur. Þessir mælikvarðar hafa allir verið jákvæðir. MiR vinnur markvist að því að tryggja íslenska básnum góða staðsetningu á sýningum og hefur það tekist vel undanfarin ár, þrátt fyrir að básinn sé ekki stór. Góð staðsetning ýtir undir frekari heimsóknir á básinn sem skilar sér í enn fleiri fundum til fyrirtækjanna.

Annar mikilvægur hópur ráðstefnusóknar eru innlendir gestgjafar, en án þeirra er sjaldan hægt að sækja verkefni heim. Undanfarin ár hefur MiR markviss unnið að markaðssetningu til innlendra gestgjafa, m.a. með háskólaviðverutímum, og má segja að tvö verkefni hafi beinlínis staðfests í sumar vegna þeirra vinnu eingöngu. Mikilvægt er að halda áfram á þeirri vegferð.

Í gegnum keyptar auglýsingabirtingar náðust yfir 5,5 milljón snertingar við markhóp, 393 þúsund áhorf á kynningarmyndbönd, 75 þúsund smellir á auglýsingar, og tæplega 500 þúsund viðbrögð á samfélagsmiðlum. Þá fékk vefur verkefnisins 8600 heimsóknir.

Áætlun 2025:

Áætlun ársins gerir ráð fyrir reglubundnum verkefnum á borð við markaðsstarf til að auka vitund um Ísland sem hentugan áfangastað fyrir ráðstefnu og hvataferðir, tilboðsgerð (e. leads), og sýningarsókn til að styðja við aðgerðir og vöxt fyrirtækja á

MICE markaði. Háskólaheimsóknir verða áfram á dagskrá og lagt er upp með að efla enn frekar tengslastarf á okkar sterkustu mörkuðum í gegnum ICCA samtökin með þátttöku í sérhæfðum verkefnum s.s. The Future of Health Care Meetings og ICCA Destination Marketing Workshop sem haldið verður í Reykjavík í apríl nk. Þar sem forsvarmenn 10-15 alþjóðlegra samtaka kynnast hverju Reykjavík hefur upp á að bjóða fyrir ráðstefnur. MIR sér um ut anumhald í samstarfi við ICCA samtökin og styrkir viðburðinn. Heimsókn sem þessi mun skila sér í aukinni vitund um áfangastaðinn og í kjölfarið fjölga ráðstefnum sem haldnar eru hér á landi.

Niðurlag:

MICE markaðurinn er einn af lykildrifkröftum hagrænnar innspýtingar ferðaþjónustu vegna þeirrar arðbærni sem og samfélagslegs ávinnings sem þessi hluti ferðaþjónustunnar skapar. Það felast mikil tækifæri fyrir Ísland í því að byggja áfram upp orðspor og eftirspurn fyrir áfangastaðinn fyrir ráðstefnur. Sú greining sem KPMG vann fyrir Íslandsstofu rennir styrkum stoðum undir það enda sýnir hún að MICE ferðamenn skila allt að 2,7 sinnum hærri tekjum en hefðbundnir ferðamenn.

Ráðstefnusókn er flókin aðgerð sem krefst langtímasýnar, þolinmæði og eljusemi og er þess eðlis að fyrirtæki leggja almennt ekki í þá vinnu þar sem árangur er oft afrakstur margra ára vinnu við tenglamyndun og markaðssetningu til ráðstefnukaupenda. Ráðstefnukaupendur er mjög áhættufælinn markhópur og því tekur langan tíma að tryggja verkefni til áfangastaðarins. Að sækja ráðstefnur hingað til Íslands með markvissum hætti væri því illframkvæmanlegt án skilnings og fjármögnunar kjölfestufjárfesta.

SAMNINGUR UM MARKAÐSVERKEFNIÐ MEET IN REYKJAVÍK – ICELAND CONVENTION BUREAU

1. BAKGRUNNUR

Meet in Reykjavík – Iceland Convention Bureau eða Ráðstefnuborgin Reykjavík er markaðs- og kynningarverkefni sem er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, Hörpu ohf. og Íslandsstofu.

Tilgangur verkefnisins er að styrkja ímynd Íslands og Reykjavíkur sem eftirsóknarverður áfangastaður fyrir ráðstefnur, fundi, hvataferðir og alþjóðlega viðburði (MICE) og auka hlutfall þeirra ferðamanna sem koma í þeim tilgangi allan ársins hring.

2. STARFSEMI MARKAÐSVERKEFNIS

Markaðsverkefnið er unnið í samræmi við, útflutningsstefnu Íslands og ferðamálastefnur Reykjavíkurborgar og Íslands. Íslandsstofa fer með framkvæmd verkefnisins.

3. AÐKOMA AÐILA

Reykjavíkurborg og Íslandsstofa skuldbinda sig til að vera kjölfestuaðilar verkefnisins. Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús skuldbindur sig til að vera aðili að verkefninu. Einstök fyrirtæki og aðrir hagaðilar geta gerst aðilar að verkefninu í samræmi við ákvarðanir verkefnastjórnar.

4. VERKEFNASTJÓRN OG HLUTVERK

Verkefnastjórn verkefnis skulu skipa sex (6) einstaklingar:

- Einn skipaður af Reykjavíkurborg
- Einn skipaður af Íslandsstofu
- Einn fulltrúi frá Hörpu ohf.
- Þrír fulltrúar tilnefndir af Samtökum ferðaþjónustunnar.

Fulltrúi Reykjavíkurborgar verður formaður stjórnar árin 2026 og 2027 og 2030. Fulltrúi Íslandsstofu verður formaður stjórnar árin 2028 og 2029.

5. FJÁRMÖGNUN

Frá og með árinu 2026 skulu aðilar leggja verkefninu til árlega til ársins 2030:

- Reykjavíkurborg: kr. 40.000.000,-
- Íslandsstofa: kr. 46.000.000,-
- Harpa: kr. 5.000.000,

Framlag Íslandsstofu skiptist í kr. 21.m.kr. fjárframlag annars vegar og 25 m.kr. sem eru hlutdeild verkefnisins í sameiginlegum kostnaði.

Fjárhæðir skulu endurskoðaðar árlega, fyrir 31. september ár hvert.

6. RÁÐSTÖFUN FJÁRMAGNS

Tekjum og eignum verkefnis skal eingöngu verja í samræmi við samþykktan tilgang verkefnisins.

7. FORSENDUR OG ÁSKILNAÐUR

Um verkefnið gilda forsendur sem fram koma í þjónustusamningi um starfsemi Íslandsstofu, sem síðast var endurskoðaður þann 28. nóvember 2024.

Við framkvæmd verkefna er byggt á verklagsreglum varðandi hlutverk og verk svið verkefnastjórna, sem birtur eru á vef Íslandsstofu:

(<https://www.islandsstofa.is/verklagsreglur-verkefnastjorna>)

8. UPPGJÖR

Íslandsstofa mun árlega standa skil á fjárhagslegu uppgjöri verkefnisins og árangri þess.

9. ENDURSKOÐUN

Hver samningsaðili getur óskað eftir endurskoðun samningsins.

10. GILDISTÍMI

Starfstími markaðsverkefnisins er frá 1. janúar 2026 til 31. desember 2030.

Undirritunarsíða

Samningurinn er undirritaður rafrænt af eftirfarandi aðilum:

Heiða Björg Hilmysdóttir, Reykjavíkurborg

Íslandsstofa, Pétur Þorsteinn Óskarsson

Svanhildur Konráðsdóttir, Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf.



Meet in
Reykjavík
Iceland Convention Bureau

Meet in Reykjavík - Iceland Convention Bureau, styrkir ímynd Reykjavíkur og Íslands sem eftirsóknarverðs áfangastaðar fyrir ráðstefnur, fundi, hvataferðir og alþjóðlega viðburði (MICE).

Ráðstefnuborgin Reykjavík eða „Meet in Reykjavík“ var stofnuð árið 2012 að frumkvæði Reykjavíkurborgar, Icelandair Group og Hörpu til að auka hlutfall ráðstefnu-, funda-, hvataferða og viðburðagesta (MICE) til landsins af heildarmarkaði ferðamanna.

Verkefnið er rekið sem sjálfstætt verkefni innan Íslandsstofu og unnið í samræmi við leiðarljós íslenskrar ferðaþjónustu, útflutningsstefnu Íslands og ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar.

Verkefnið er fjármagnað af kjölfestuaðilum sem eru Íslandsstofa, Reykjavíkurborg og Icelandair auk Hörpu. Fjármagni er varið til ýmissa verkefna sem auka ásýnd áfangastaðarins gagnvart MICE kaupendum.

Samanlagður vinnutími starfsmanna Íslandsstofu sem fara í verkefnið eru um 4600 klukkustundir á ári. Þessi fjöldi vinnutíma jafngildir 3,65 stöðugildum á ári en verkefnið stendur straum af kostnaði við 3,25 stöðugildi á ári.

Hagfelld ytri skilyrði fyrir MICE á Íslandi

- Spáð er vexti MICE ferðapjónustu til 2030
- Vaxandi eftirspurn eftir jaðarsvæðum
- Aukin krafa um sjálfbærar lausnir
- Aukin krafa til áfangastaða um jafnrétti/mannréttindi
- Aukin krafa um öryggi áfangastaða
- Velliðunarferðapjónusta vaxandi þáttur í MICE ferðapjónustu
- Landfræðilega staða Íslands er sérlega áhugaverð núna þar sem aukinn óróleiki í

Bandaríkjunum getur orðið til þess að þarlendir aðilar skoði aðra möguleika fyrir ráðstefnur sem alla jafnan eru haldnar í Bandaríkjunum. Þessi skilaboð komu skýrt fram á IMEX Frankfurt.

Heimildir:

1. GlobalData 2022: Key Trends Business Travel 2022
2. Knowland / ConferenceDirect: 2023 State of the Meetings Industry
3. IBTM World Trend Report 2023

Framlög frá kjölfestuaðilum

2021-2025

Heildarframlög 550 m.kr. á tímabilinu

- Reykjavíkurborg 200 m.kr. (40 m.kr. á ári)
- Íslandsstofa 200 m.kr. (40 m.kr. á ári)
- Icelandair 125 m.kr. (25. m.kr. á ári)
- Harpa 25 m.kr. (5 m.kr. á ári)
- Aðildarfélög greiða einungis fyrir þátttöku í sértækum aðgerðum í stað aðildargjalda

2016-2020

Heildarframlög 562 m.kr. á tímabilinu

- Reykjavíkurborg 200 m.kr. (40 m.kr. á ári)
- Íslandsstofa 53,5 m.kr. (10,7 m.kr. á ári)
- Icelandair 125 m.kr. (25. m.kr. á ári)
- Harpa 40 m.kr. (8. m.kr. á ári)
- Aðildarfélög 143 m.kr. (28,6 m.kr. á ári)

Hagræðing í rekstri

2021-2025

Rekstrarkostnaður og laun*

Á tímabilinu 2021-2025 – að meðaltali 75 m.kr. á ári

2015-2019**

Rekstrarkostnaður og laun*


Á tímabilinu 2015-2019 – að meðaltali 122 millj. á ári

*Uppreiknað m.v. vísitölu launa 2015-2025

- **Aðgengi að sérfræðingum og starfskröftum Íslandsstofu:** Reykjavíkurborg nýtur góðs af öflugri sérfræðipækkingu Íslandsstofu á sviði markaðssetningar, almannatengsla og viðburðaskipulagningar, sem eykur fagmennsku og árangur verkefnisins.
- **Efling efnahagslífs borgarinnar:** Með því að laða að alþjóðlega viðburði og ráðstefnur stuðlar verkefnið að auknum hagnaði fyrir ferðapjónustu, hótél, veitingastaði, þjónustuaðila og fleiri atvinnugreinar innan borgarinnar.
- **Styrking á ímynd Reykjavíkur á alþjóðavettvangi:** Reykjavík verður sýnilegri sem leiðandi ráðstefnuborg á Norðurlöndunum, sem eykur orðspor borgarinnar sem framúrskarandi áfangastaður fyrir bæði fyrirtækja- og fagráðstefnur.
- **Uppbygging innviða og þjónustu:** Verkefnið getur leitt til aukinnar þróunar á innviðum borgarinnar, svo sem betri ráðstefnumannvirkjum, auknu aðgengi að þjónustu og bættum samgönguinnviðum.
- **Aukin þátttaka og tengslanet fyrir fyrirtæki í Reykjavík:** Verkefnið gefur staðbundnum fyrirtækjum kost á að tengjast alþjóðlegum markaðstækifærum, byggja upp tengslanet og nýta sér aðgang að alþjóðlegum viðskiptavinum.
- **Fjölbreytt atvinnusköpun:** Með því að sækja alþjóðlega viðburði eykst atvinna fyrir íbúa Reykjavíkur, bæði í ferðapjónustu og í tengdum atvinnugreinum.
- **Efling borgarlífs:** Alþjóðlegir viðburðir auka fjölbreytni og dýpt í menningu og mannlífi borgarinnar, sem skilar sér í betri upplifun bæði fyrir íbúa og gesti.
- **Langtímaáhrif á samkeppnishæfni Reykjavíkur:** Að vera hluti af verkefni sem stuðlar að nýjum og fjölbreyttum viðskiptatækifærum styrkir stöðu Reykjavíkur sem nútímalegs og alþjóðlegs borgarsamfélags.
- **Minnkun árstíðarsveiflu í ferðapjónustu:** Ráðstefnur og viðburðir eiga sér oft stað á mánuðum þar sem ferðapjónusta glímir við minni aðsókn. Með því að laða að gesti á þessum tíma stuðlar verkefnið að stöðugri eftirspurn yfir árið og dregur úr árstíðarbundnum sveiflum í ferðapjónustu.
- **Að laða sérfræðinga til landsins:** Verkefnið færir alþjóðlega sérfræðinga, leiðtoga og frumkvöðla til Reykjavíkur, sem stuðlar ekki aðeins að ráðstefnum heldur einnig að nýjum tengslum, hugmyndaskiptum og möguleikum á samstarfi.
- **Aukið þekkingarstig innan geira í nærsamfélaginu vegna alþj. ráðstefna.**

30 ma. kr

Áætlaðar heildartekjur
MICE markaðarins
árið 2022




Hlutdeild Íslands í fjölda
MICE ráðstefna og funda á
Norðurlöndunum er 8,6%
m.v. árið 2022

MICE dregur úr árstíðarsveiflum

Helstu álagspunktur MICE ferðaþjónustu er fyrir utan háönn íslenskrar ferðaþjónuðustu og draga þannig úr árstíðarsveiflum innan greinarinnar

Dreifing MICE ferðamanna yfir árið




15 ma. kr

Áætlaðar heildartekjur af
ráðstefnum og stærri fundum
árið 2022

78.000

Áætlaður fjöldi MICE
ferðamanna árið 2022

Tekjur af ráðstefnu- og
hvataferðalöngum eru
umtalsvert hærri en af
hefðbundnum ferðamanni
eða 2,1x og 2,7x hærri.



4,6%

Hlutdeild MICE af
heildarfjölda
ferðamanna 2022



11 ma. kr

Áætlaðar heildartekjur af
hvataferðum árið 2022



3 ma. kr

Áætlaðar heildartekjur af
viðburðum árið 2022


Janúar 2023 – Maí 2025



40% vinningshlutfall | áætluð velta verkefna 5,1 ma.kr

Góður árangur telst vera 30% staðfest verkefni

Janúar – Maí 2025





3 sýningar
36 fyrirtæki

950
Fundir bókaðir

100
Áætluð ný
tækifæri

2 ma.kr.
Áætlaðar
útflutningstekjur

Meet in
Reykjavík

Iceland
Convention
Bureau



Reykjavík

40

alþjóðlegar fagraðstefnur

8.000

þátttakendur



European Film Awards eða Evrópsku kvikmyndaverðlaunin sem haldin voru í Hörpu í desember 2022. Til landsins komu yfir 700 stjórnur í kvikmyndageiranum.



Í miðjum covid faraldri í desember 2020 fékk Meet in Reykjavík tækifæri til að bjóða í League of Legends Mid Season Invitational raflíðmótíð sem var haldið í maí 2021 – með yfir 100 milljón áhorfendur. Heimsviðburður League of Legends fékk met áhorf hingað til.



Meet in Reykjavík vann með Hönnu Birnu Kristjánsdóttur að undirbúningi að fyrsta Women Leaders Global Forum sem er orðin árlegur viðburður í Reykjavík og ekki síst mikilvægur fyrir stöðu kvenna á Íslandi og ímynd Íslands út á við.



Starfsemin er umfangsmikil og felur í sér fjölbreyttar markaðsaðgerðir sem geta verið ólíkar í framkvæmd, en allar vinna saman samkvæmt sömu markaðsáætlun með það markmið að auka vitund og áhuga á Reykjavík og Íslandi sem áfangastað fyrir viðburði og hvataferðir fyrirtækja.

5,5 M

snertingar á markhópi á
stafrænum miðlum

390 Þ

áhorf á
kynningarmyndbönd

75 Þ

smellir á auglýsingar

500 Þ

viðbrögð á samfélagsmiðlum

+8.600

notendur heimsóttu vefsíðu

6.500

MICE aðilar áskrifendur
af fréttabréfi

Framhald Meet in Reykjavík

- Samningur um verkefnið rennur út í árslok 2025 og er ekki sjálfkrafa endurnýjaður.
- Fyrir liggur ákvörðun Ícelandair að halda ekki áfram sem kjölfestuaðili að verkefninu. (25 m.kr. á ári)
- Samningsfjárhæðir kjölfestuaðila hafa staðið í stað frá því samningurinn var gerður árið 2020 og ekki fylgt vísitöluhækkun.
- Framlög Reykjavíkurborgar og Íslandsstofu nema 40 m. kr. á ári en ef þau hefðu fylgt verðlagsvísitölu myndu þau nema um 54. m.kr.
- Ef nýr samningur er gerður um verkefnið 2026-2030 myndi verkefnið halda svipuðum slagkrafti ef kjölfestuaðilar eru reiðubúnir til þess að hækka framlög sín í samræmi við hækkun verðlags á tímabilinu.
- Lagt er til að Íslandsstofa og Reykjavíkurborg hækki framlög sín í u.þ.b. 55 m.kr. og Harpa í tæpar 7 m.kr.



MICE ferðapjónustan á Íslandi 2022

Ráðgjafarsvið KPMG

Júní 2023



Fyrirvari

Tengiliðir KPMG

Svanbjörn Thoroddsen

Ráðgjafarsvið

Partner, Reykjavík

KPMG Ísland

sthoroddsen@kpmg.is

Sævar Kristinsson

Ráðgjafarsvið

Senior Manager, Reykjavík

KPMG Ísland

skristinsson@kpmg.is

Tel +354 545 6000

Samantekt þessi inniheldur niðurstöður greiningar á umfangi og efnahagslegum áhrifum MICE ferðþjónustu hér á landi frá opnun Hörpu (2011) og stofnun Meet in Reykjavík (2012) til ársins 2022. Framkvæmd vinnunnar og áhersluatriði eru í samræmi við ráðningarbref dagsett 2. mars 2023.

KPMG ber ekki ábyrgð á að uppfæra efni og niðurstöður skýrslunnar í tengslum við atburði eða upplýsingar sem kunna að koma fram síðar.

Vinnan er m.a. byggð á niðurstöðum úr viðtölum og netkönnun meðal fulltrúa aðildarfélaga Meet in Reykjavík. Jafnframt aflaði KPMG upplýsinga úr ýmsum opinberum skýrslum, ársreikningum og fræðigreinum.

Ekki hefur verið framkvæmd sérstök könnun á áreiðanleika þeirra gagna sem byggt er á en miðað er við að um traustar heimildir sé að ræða. KPMG getur ekki ábyrgst nákvæmni né áreiðanleika þeirra upplýsinga sem hér koma fram né að þær séu tæmandi.

KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli niðurstöðu skýrslunnar. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar verða á grundvelli skýrslunnar eða niðurstaðna sem í henni eru, er á höndum þeirra sem að málinu kunna að koma.

Efnisyfirlit

01	Mice ferðapjónusta á Íslandi	6
02	Umfang MICE ferðapjónustu á Íslandi	14
	1. Alþjóðlegar ráðstefnur og fundir	
	2. Hvataferðir	
	3. Viðburðir	
	4. Samantekt og samanburður við aðra ferðamenn	
03	Samanburður við Norðurlönd skv. ICCA	24
04	Horft fram á veginn	28

Inngangur



Greiningin þessi er unnin fyrir Íslandsstofu og fjallar um efnahagsleg áhrif MICE ferðaþjónustunnar á Íslandi. Greiningin er gerð í tengslum við 10 ára afmæli Meet in Reykjavík. Mikið hefur breyst í ferðaþjónustunni frá stofnun félagsins og nauðsynlegt þótti að staldra við og greina áhrif og tækifæri í MICE ferðaþjónustunni.

Greiningin byggir á alþjóðlegum skilgreiningum ICCA á þessari tegund ferðaþjónustu og var reynt að nýta samanburðarhæfar tölur frá nágrannalöndum sem viðmið. Það reyndist þó ekki þrautalaust því margir ferðaþjónustuaðilar halda ekki skipulega utan um skráningu almennra ferðamanna annars vegar og MICE ferðamanna hins vegar. Nýtti KPMG ýmis opinber gögn og greiningar ásamt því að senda út könnun og taka viðtöl við hagaðila við vinnsluna.

Mikill vöxtur hefur verið í ferðaþjónustunni á Íslandi á síðustu árum að undanskildum árunum þegar heimsfaraldurinn gekk yfir. Greiningin sýnir að umtalsverður ábati er af MICE ferðaþjónustunni umfram hefðbundna ferðaþjónustu. Má sem dæmi nefna að á árinu 2022 sköpuðu MICE ferðalangar um 15 milljörðum hærri tekjur en sambærilegur fjöldi hefðbundinna ferðamanna.

Það getur því verið umtalsverður ábati í því að bæta skráningu MICE ferðalanga og gera með því mögulegt að efla markvisst markaðs- og kynningarstarf gagnvart þessum markhópi. Það tengist einnig mögulegum fjárfestingum og annarri uppbyggingu í greininni til framtíðar.

Samantekt

Þróun og helstu vörður MICE

Upphaf MICE ferðapjónustu á Íslandi má rekja aftur til leiðtogafundarins í Höfða en í kjölfar fundarins hófst umræðan um möguleika landsins í MICE ferðapjónustu. Stofnun Ráðstefnuskrifstofu Íslands, eldgos í Eyjafjallajökli, opnun Hörpu, stofnun Meet in Reykjavík, Covid-19 og opnun fyrsta fimm stjörnu hótels í Reykjavík eru svo aðrar vörður á þróun MICE ferðapjónustu hérlandis á undanförunum árum.

Mat á umfangi MICE ferðapjónustu

Vegna smæðar landsins má skipta MICE ferðapjónustu á Íslandi í þrjá flokka. Alþjóðlegar ráðstefnur og fundir, hvataferðir og aðrir viðburðir. Efnahagsleg áhrif hvers flokks verða rakin hér að neðan.

- Alþjóðlegar ráðstefnur og fundir
 - Áætlað er að heildarfjöldi ráðstefnu- og fundargesta árið 2022 hafi verið 40 þúsund. Meðaltekjur eru áætlaðar 335 – 410 þúsund krónur á hvern ráðstefnu- og fundargest. Af því má leiða að heildartekjur af ráðstefnum og fundum hafi verið um 15 milljarðar króna fyrir árið 2022.
- Hvataferðir
 - Áætlað er að heildarfjöldi hvataferðamanna hafi verið 21 þúsund árið 2022. Meðaltekjur af hverjum hvataferðamanni eru áætlaðar 515 þúsund krónur. Heildartekjur hvataferða eru þar af leiðandi áætlaðar um 11 milljarðar króna fyrir árið 2022.
- Aðrir viðburðir
 - Áætlaður heildarfjöldi viðburðargesta árið 2022 var 17 þúsund. Meðaltekjur á hvern viðburðargest er ekki frábrugðin tekjum af hefðbundnum ferðamönnum og eru áætlaðar 189 þúsund krónur. Heildartekjur fyrir aðra viðburði eru því áætlaðar 3 milljarðar fyrir árið 2022.

Ef þær tekjur sem MICE ferðamenn skilja eftir sig eru bornar saman við meðal ferðamann kemur í ljós að ráðstefnugestur skilar 2,1x meiri tekjum og hvataferðamenn skila 2,7x meiri tekjum en meðal ferðamaður.

Samanburður við nágrannalöndin

Í samanburði við nágrannalöndin er Reykjavík í fimmta sæti yfir þær borgir með flestar ráðstefnur og fundi á árinu 2022. Ef litið er til meðalfjölda ráðstefnugesta fellur Reykjavík í 12. sæti af samanburðarborgum, helsta ástæða þess er stærð ráðstefnurýma ásamt takmarkandi þáttum annarra innviða s.s. hótalgistingu og veitingastaða.

Sé skoðað 10 ára tímabil, frá 2013 til 2022, er hlutdeild Íslands af heildarfjölda ráðstefna í ráðstefnuhúsum á Norðurlöndum um 8,8%. Íslensk ráðstefnuhótel eru með 8,6% hlutdeild yfir sama tímabil. Íslenskir háskólar eru með 5,5% hlutdeild og ráðstefnur haldnar í öðrum viðburðarrýmum eru 2%. Heildar hlutdeild Íslands yfir tímabilið er 5,8%. Sóknartækifæri í MICE liggja því ekki einungis hjá ráðstefnuhúsum og hótelum heldur einnig hjá háskólum og öðrum viðburðarrýmum.

Samantekt á heildartekjum MICE ferðapjónustu árið 2022



Fjöldi MICE ferðamanna

78 þúsund



Meðal útgjöld í ferð

379 þús. kr.



Tekjur MICE ferðapjónustu


30 ma. kr.

Heimild: Viðtöl og könnun KPMG meðal hagaðila og KPMG greining.

Samantekt - MICE skiptir máli

30 ma. kr

Áætlaðar heildartekjur
MICE markaðarins
árið 2022





Hlutdeild Íslands í fjölda
MICE ráðstefna og funda á
Norðurlöndunum er 8,6%
m.v. árið 2022

MICE dregur úr árstíðarsveiflum

Helstu álagspunktur MICE ferðaþjónustu er fyrir utan háönn íslenskrar ferðaþjónuðustu og draga þannig úr árstíðarsveiflum innan greinarinnar

Dreifing MICE ferðamanna yfir árið




15 ma. kr

Áætlaðar heildartekjur af
ráðstefnum og stærri fundum
árið 2022

72.000

Áætlaður fjöldi MICE
ferðamanna árið 2022

Tekjur af ráðstefnu- og
hvataferðalöngum eru
umtalsvert hærri en af
hefðbundnum ferðamanni
eða 2,1x og 2,7x hærri.



4,6%

Hlutdeild MICE af
heildarfjölda
ferðamanna 2022



11 ma. kr

Áætlaðar heildartekjur af
hvataferðum árið 2022



3 ma. kr

Áætlaðar heildartekjur af
viðburðum árið 2022

1.

MICE ferðabjónusta á Íslandi

Alþjóðleg skilgreining á MICE

Skammstöfunin MICE stendur fyrir *Meetings, Incentives, Conferences and Events* og er sú skilgreining sem almennt er stuðst við í umfjöllun um þessa tegund ferðapjónustu. Alþjóðasamtök um ráðstefnur og viðburði (*the International Congress and Convention Association, ICCA*) heldur þessari skilgreiningu á lofti en samtökin eru regnhlífarsamtök aðila sem sinna MICE ferðapjónustu.

Áherslumunur er milli landa og aðildarfélaganna hversu nákvæmlega ofangreindri skilgreiningu er fylgt, enda er MICE markaðurinn ólíkur milli landa og svæða. Í einhverjum tilfellum er til einföldunartæki um *Meeting industry* til að ná utan um allar tegundir MICE ferðapjónustu.

Fundir (e. Meetings)

Alþjóðlegir fundir sem haldnir eru reglulega og þátttakendur eru fleiri en 50 manns.

Staðsetning er mismunandi frá einu skipti til annars og hefur farið á milli a.m.k. 3ja landa.

Hvataferðir (e. Incentives)

Ferðir sem hafa það að meginmarkmiði að umbuna og hvetja og skemmtun er rauður þráður í dagskránni.

Ráðstefnur (e. Conferences)

Fjölbjóðlegar ráðstefnur þar sem áhersla er á miðlun þekkingar og umræður sem fylgja skilgreindu umræðuformi. Tengslamyndun er mikilvægur þáttur ráðstefna.

Viðburðir (e. Events)

Sýningar, kaupstefnur og kynningar eru í forgrunni þessara viðburða. Þeir geta staðið yfir í nokkra daga og verið afar stórir í umfangi, bæði hvað varðar þátttakendafjölda og rými sem tengist sýningahaldi.



Flokkun MICE ferðapjónustu

Alþjóðlegar skilgreiningar MICE ferðapjónustu eiga misvel við íslenska MICE markaðinn. Smæð hans gerir það að verkum að sumar tegundir MICE ferðapjónustu eiga auðveldar uppdráttar en aðrar og innviðir mæta misvel mismunandi þörfum ólíkra tegunda MICE ferðapjónustu.

Í greiningu KPMG er stuðst við eftirfarandi flokkun MICE ferðapjónustu:



Alþjóðlegar ráðstefnur og fundir

- Alþjóðlegar ráðstefnur sem haldnar eru hérlandis eru oft litlar í samanburði við þær sem haldnar eru erlendis.
- Lítil munur er á umfangi alþjóðlegra funda og ráðstefna hérlandis og því eru þessar tvær greinar MICE ferðapjónustu teknar saman þegar Ísland á í hlut.
- Alþjóðlegar ráðstefnur, sem aðeins eru haldnar hérlandis og falla ekki undir skilgreiningu ICCA eru hérlandis taldar hluti af MICE markaðnum, s.s. Arctic Circle, Reykjavík Global Forum – Women leaders og EVE Fanfest.



Hvataferðir

- Skemmtun og afþreying er aðalmarkmið hvataferða sem oft er umbun til starfsmanna eða skipulagt uppbrot á hefðbundinni vinnu.
- Hvataferðahópar eru mismunandi stórir en algengast er að þátttakendur í ferðinni komi og fari allir á sama tíma
- Algengt er að greiðandi ferðarinnar sé einn aðili, ýmist fyrirtæki eða félag.
- Fjölbreyttir afþreyingarmöguleikar eru á dagskrá hvataferða og náttúra Íslands er aðalvettvangur þeirra.



Aðrir viðburðir

- Sölu- og vörusýningar, auglýsinga- og markaðsferðir teljast til MICE ferðapjónustu.
- Hér á landi er algengt að telja stóra almenning sviðburði til MICE ferðapjónustu .s.s Reykjavíkurmaraþon og Iceland Airwaves.

Þróun MICE ferðapjónustu á Íslandi



Styrkleikar Íslands sem MICE áfangastaður

Ferðapjónustan hefur proskast og vaxið gríðarlega seinasta áratuginn. Í viðtölum við fólk úr greininni ásamt spurningakönnun sem send var á hagaðila voru neðangreindir þættir nefndir sem helstu styrkleikar Íslands sem MICE áfangastaður.



Nálægð við óspillta náttúru

Auðvelt er fyrir MICE gesti að komast í snertingu við náttúruna þó staðsetning ráðstefnu og funda sé oftast á höfuðborgarsvæðinu. Stuttur ferðatími og fjölbreytt úrval náttúrutengdrar afþreyingar gerir Ísland að ákjósanlegum leikvelli hvataferðalanga.



Aðgengi er með besta móti

Innan höfuðborgarinnar eru helstu viðburða- og gististaðir í göngufæri og auðvelt er fyrir gesti að komast leiðar sinnar um miðborgina, sem er miðpunktur alþjóðlegra ráðstefna og funda á Íslandi.



Vel menntað og reynslumikið starfsfólk

Eftirsótt er að starfa í MICE ferðapjónustu. Þangað velst reynslumikið starfsfólk, sem býr yfir mikilli þekkingu á íslenskrí og erlendra ferðapjónustu og leggur sig fram við að mæta þörfum viðskiptavina.



Tíðar flugsamgöngur

Góðar flugsamgöngur beggja vegna Atlantshafsins gera Ísland að ákjósanlegum MICE áfangastað. Staðsetningin er til þess fallin að stytta samanlagðan ferðatíma gesta.



Skýr rammi ferðapjónustu

Skýrari rammi utan um ferðapjónustu ásamt aukinni tækniþróun hefur leitt til meiri fagmennsku í greininni. Það á einnig við MICE ferðapjónustu.



Ísland er öruggur áfangastaður

Ísland er friðsæll staður þar sem gestir finna til öryggis. Þrátt fyrir margvíslega náttúruvá er óbeisluð náttúran aðdráttarafl fyrir ferðamenn til að upplifa sig í „öruggri lífshættu“.



Hátt þjónustustig og mikil gæði

Hátt þjónustustig og mikil gæði standa að baki hærri verðlagningu í MICE ferðapjónustu. Gerðar eru miklar kröfur til MICE ferðapjónustuaðila og viðskiptavinir eru tilbúnir til að greiða fyrir hágæða þjónustu.



Stuttar boðleiðir láta hluti gerast hratt

Stuttar boðleiðir, lítill markaður og gott tengslanet milli ferðapjónustuaðila tryggja að hlutir geti gerst mjög hratt.

Skammur viðbragðstími og „þetta reddast“ viðhorfið hefur gert ferðapjónustunni kleift að bregðast við með framúrskarandi þjónustu, oft með litlum fyrirvara

Áskoranir MICE innviða

MICE kallar á sterka innviði hvort tveggja fyrir ráðstefnur og hvataferðir. Í viðtölum við fólk úr greininni ásamt spurningakönnun sem send var á hagaðila voru neðangreindir þættir nefndir sem helstu áskoranir innviða til áframhaldandi vaxtar Íslands sem MICE áfangastaðar.



Hótel

Hótelgisting er takmarkandi þáttur í ferðapjónustunni í dag. Vöntun er á gistirými af tilteknum gæðum fyrir MICE ferðamenn.



Aðstaða

Aðstaða til að brjóta upp ráðstefnur í smærri umræðuherbergi takmörkuð.



Veitingastaðir

Stærri veitingastaðir sem geta tekið á móti stórum hópum eru takmarkandi þáttur.



Sýningarsvæði

Sýningarsvæði og viðburðarými deilt með öðrum notendum, s.s. íþróttastarfi sem takmarkar notkunarmöguleika.



Landsbyggðin

Innviðir á landsbyggðinni mæta ekki þörfum MICE ferðamanna nægilega vel.



Samgöngur

Samgöngur milli Keflavíkur og Reykjavíkur, og eins innan höfuðborgarsvæðisins þarf að bæta. Gengur ekki til framtíðar að allir ferðamenn séu á bílaleigubílum í miðborginni. Borgarlína gæti skipt sköpum.

Áskoranir ytri þátta MICE

Miklum vexti ferðapjónustunnar síðastliðinn áratug hafa fylgt vaxtarverkir. Í viðtölum við fólk úr greininni ásamt spurningakönnun sem send var á hagaðila eru neðangreindir þættir nefndir sem helstu áskoranir ytri þátta til áframhaldandi vaxtar Íslands sem MICE áfangastaðar.



Hátt verðlag og gengisáhætta

Hækkandi verðlag og gengisáhætta getur haft í för með sér að verð og gæði hætta að haldast í hendur og Ísland verði of dýr áfangastaður fyrir MICE.



Þolmörk heimafólks

Mikill fjöldi ferðamanna og skortur á stýringu þeirra getur valdið neikvæðu viðhorfi íbúa og heimafólks til ferðamanna almennt.



Þolmörk náttúru

Óheftur aðgangur að vinsælum náttúruperlum getur valdið skemmdum á þeim og dregið úr upplifun gesta.



Sjálfbærni

Aukin umhverfisvitund hefur fengið fólk til að endurskoða ferðavenjur. Ferðamenn kjósa aðra valkosti en flug til að minnka losun vegna ferðalaga og það hefur áhrif á Ísland sem áfangastað. Einnig eru komnar fram auknar kröfur um umhverfissvottanir ferðapjónustuaðila.

Tækifæri

Vetrarferðamennska

Sóknartækifæri í vetrarferðamennsku. Myrkrið, norðurljós og vetur á hjara veraldar hafa aðdráttarafl fyrir MICE ferðamenn líkt og aðra.

Landsbyggðin

Styrkja innviði á landsbyggðinni til að nýta landið og dreifa álagi. Fundir og smærri ráðstefnur eiga heima utan höfuðborgarsvæðisins, rétt eins og hvataferðir.

Íslenskt hugvit

Tækifæri til aukinnar markaðssetningar í tengslum við íslenska nýsköpun, sjálfbærni, jafnréttismál, miðlun þekkingar, jarðvarma og háskólasamfélagið.

Stýring ferðamanna

Aukið ákall er um stýringu ferðamanna að helstu náttúruperlum til að stuðla að jákvæðri upplifun ferðamanna og vernd náttúrugæða í sátt við samfélagið.

Vörukynningar

Tækifæri felast í minni vörukynningum og markaðsferðum þar sem náttúra Íslands er í bakgrunni.

Þjóðarhöll

Stærri viðburðarsalur sem rúmar stærri vörukynningar og nýtist í ráðstefnuhald.

Ný þjóðarhöll svarar þessu kalli en samnýting með íþróttum leiðir til takmörkunar á notkun fyrir MICE ferðapjónustu.

2.

Umfang MICE ferðapjónustu á Íslandi

Alþjóðlegir fundir og ráðstefnur

Alþjóðlegar ráðstefnur og fundir

Aðferðarfræði við áætlun fjölda ráðstefnu- og fundagesta

Eins og áður hefur verið nefnt vantar ítarlegri gögn um MICE markaðinn á Íslandi. Af þeim sökum hefur verið farið á leið að áætla þann fjölda sem kemur til landsins á ráðstefnur eða til stærri funda.

Gagnagrunnur Meet In Reykjavík hefur að geyma hluta af þeim fundum og ráðstefnum sem fram fara á Íslandi á ári hverju. Eftir viðtöl og kannanir hjá hagaðilum sem og stjórnendum MIR er gengið út frá þeirri forsendu að gagnagrunnur MIR nái yfir um helming markaðarins.

Á árinu 2022 var fjöldi erlendra ráðstefnu- og fundagesta um 20 þúsund samkvæmt gagnagrunni MIR. Þá hefur verið gert ráð fyrir að um 10% þeirra sem sækja viðburði séu Íslendingar. Fjöldi Íslendinga byggir bæði á samtölum við hagaðila og einnig greiningum sem áður hafa verið gerðar á þessum markaði.

Heildarfjöldi funda- og ráðstefnugesta hefur því verið áætlaður um 40 þúsund gestir. 10% öryggisbil gefur bil frá 33 þúsund og upp í 50 þúsund gesti. Við úrvinnslu skýrslunnar og áætlun tekna verður stuðst við tæpa 40 þúsund gesti.


Áætlaðar tekjur

Ljóst er að tekjur af hverjum ráðstefnu- og fundagesti geta spannað stórt verðbil. Við áætlun á efnahagslegum áhrifum ráðstefnumarkaðarins hefur af þeim sökum verið sett upp reiknilíkan til að áætla meðalkostnað á hvern ráðstefnugest.

Forsendur líkansins byggja á upplýsingum frá hagaðilum og er leitast við að draga fram þær tekjur sem hljóta af þessum hópi ferðamanna. Við útleiðslu á meðaltekjum á hvern ráðstefnu- og fundagest er einnig tekið tillit til þess hvenær á árinu ráðstefnan fer fram, en bróðurpartur af þeim gestum sem skráðir eru samkvæmt gagnagrunni MIR, kemur á háönn ferðapjónustu á Íslandi, frá maí til september.

Við útleiðslu á tekjum er einnig gert ráð fyrir að ákveðinn hluti ferðamanna taki með sér fylgdarlið og gisti lengur en ráðstefnan varir. Nánari útlistun á forsendum má sjá í viðauka.

Dreifing ráðstefnu og fundagerðamanna yfir árið



Viðtæk virðiskennda ráðstefnu- og fundahalds

Fyrir utan flug



Heimild: Viðtöl og könnun KPMG meðal hagaðila og KPMG greining.

Heildartekjur vegna ráðstefnu- og fundargesta um 15 milljarðar króna

Meðal ráðstefnugestur

KPMG hefur sett upp líkan til að áætla tekjur sem hljótast af um 240 manna ráðstefnu. Búið er að verðleggja flesta þætti virðisreðjunnar en óbæinn kostnaður eins og fataverslun hefur verið haldið utan þessarar áætlunar.

Gert er ráð fyrir að meðalráðstefnugestur skapi tekjur frá 430 þúsund krónum upp í 550 þúsund krónur með flugi, eftir því hvenær ársins hann ferðast. Ef flug er tekið út fyrir reikning, er þetta frá 335 þúsund upp í 410 þúsund krónur á hvern gest. Séu þessar tölur reiknaðar niður á dag eru þetta frá 79 þúsund krónum upp í 96 þúsund krónur á dag án flugs.

Þessar tölur samræmast vel þeim tölum sem sjá má frá ICCA frá árinu 2022, en meðalútgjöld þar á hvern ferðamann eru um 800 dollarar. Á meðalgengi ársins 2022 var það um 108 þúsund krónur. Þar sem ICCA tölur ná aðeins yfir ráðstefnur og fundi yfir 50 manns, er gengið út frá þeirri forsendu að smærri fundir geti þýtt lægri tekjur á hvern fundargest. Af þeim sökum er hóflega áætlað við útleiðslu á tekjum á hvern ráðstefnu- og fundargest.

Á árinu 2011 var gerð skýrsla um Áhrif tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu á komur erlendra ferðamanna. Áætlaðar tekjur á hvern ráðstefnuferðamann, á verðlagi 2023 voru á bilinu 68-98 þúsund krónur með flugi. Gera má ráð fyrir að með auknu framboði veitingastaða og afþreyingar hafi útgjöld á hvern ferðamann aukist.

Heildartekjur áætlaðar um 15 milljarðar króna

Áætlaður fjöldi gesta sem komu vegna ráðstefna og funda árið 2022 var tæplega 40 þúsund. Þegar búið er að skipta þeim hlutfallslega eftir því hvort þeir koma á háðönn eða ekki, eru heildartekjur reiknaðar með því að margfalda fjölda með meðaltekjum á hvern ráðstefnu- og fundargest.

Samkvæmt ofangreindum forsendum skapa þessir 40 þúsund ferðamenn um 15 milljarða króna í gjaldeyristekjur.



335-410 þúsund krónur á hvern ráðstefnugest
Meðaltekjur án flugs



79-96 þúsund krónur á dag á hvern ráðstefnu- og fundargest
Meðaltekjur án flugs



**Heildartekjur af
ráðstefnum og stærri
fundum eru áætlaðar
um 15 milljarðar**

Heimild: Viðtöl og könnun KPMG meðal hagaðila, skýrsla hagfræðistofnunar HÍ um Áhrif tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu á komur erlendra ferðamanna, gagnagrunnur ICCA og KPMG greining.



Hvataferðir

Fjöldi hvataferðamanna áætlaður 22 þúsund árið 2022

Aðferðafræði við áætlun fjölda hvataferðamanna

Eins og fram hefur komið er formlegu ut anumhaldi um töluleg gögn um MICE ferðamennsku ábótavant og er hvataferðamennska þar engin undantekning. Í ljósi þess að fjöldi fyrirtækja (e. Destination Management Company - DMC) sem taka að sér skipulag á slíkri ferðamennsku er tæmandi var farin sú nálgun að áætla fjölda ferðamanna sem heimsótti landið á vegum hvers aðila fyrir sig.

Í gegnum viðtöl, símtöl og tölvupósta fékk KPMG upplýsingar um fjölda gesta frá 10 af þeim 16 DMC sem KPMG er kunnugt um. Fyrir þau fyrirtæki sem eftir standa áætlaði KPMG hlutfall hvataferða af heildartekjum og gerði ráð fyrir að heildartekjur félagana hafi fimmfaldast á milli 2021 og 2022. Niðurstaða þessarar nálgunar er að rúmlega 15 þúsund hvataferðamenn hafi komið hingað til lands á vegum íslenskra DMC.

Að auki þarf að taka tillit til þess að hluti hvataferðamanna kemur til landsins á vegum erlendra DMC eða í ferðum sem skipulagðar eru af sérstökum deildum innan fyrirtækjanna sjálfra, t.d. þegar um stór alþjóðleg félög er að ræða. Samkvæmt upplýsingum aðila úr greininni má gera ráð fyrir að 30% hvataferða séu skipulagðar af aðilum utan Íslands. Heildarfjöldi hvataferðamanna á árinu 2022 er því áætlaður 22 þúsund.

Algeng stærð í hópi er um 60 manns sem gerir fjölda hvataferða um 359 á hverju ári.


Viðmælendur voru sammála um að hvataferðamenn komi venjulega til landsins utan háannatíma og lina þar af leiðandi árstíðasveifluna eins og sjá má á myndinni hér til hliðar.

Áætlaðar tekjur hvataferðamanna árið 2022

Í samræmi við viðtöl, könnun og símtöl við innlenda DMC er algeng eyðsla á ferðamann í hvataferð, fyrir utan flug, u.þ.b. 435 þús.kr. Hinsvegar er eyðsla hópa mjög mismunandi og getur verið allt upp í 3,6 m.kr. á mann. Ljóst er að þessi hópur hffir verulega upp meðaltal eyðslu hvataferðamanna, en hversu stór hann er er óljóst. Ef gert er ráð fyrir að 2,5% hvataferðamanna séu af þessum toga hækkar meðaleyðsla á ferðamann upp í 515 þús.kr.

Byggt á þessum forsendum voru tekjur hvataferða fyrir utan flug 11.078 m.kr.

Dreifing hvataferðamanna yfir árið



Heimild: Viðtöl og könnun KPMG meðal hagaðila og KPMG greining.

Viðtæk virðisreikja hvataferða

Fyrir utan flug



60 manna hvataferð skapar 30 milljónir í tekjur



Gisting



Aðstaða



Flutningur



Veitingar



Verslun



Afþreying

Heimild: Viðtöl og könnun KPMG meðal hagaðila og KPMG greining.



Viðburðir

Um 17 þúsund ferðamenn sóttu viðburði árið 2022

Aðferðafræði við áætlun fjölda erlendra viðburðagesta

Vitað er að ýmsir viðburðir sem haldnir eru á Íslandi vekja athygli utan landsteinanna og geta verið kveikjan að ferð til landsins.

Í gegnum tíðina hafa þetta verið viðburðir af ýmsu tagi svo sem tónlistarhátíðir, keppnishlaup og aðrir íþróttaviðburðir þar sem ferðamenn koma ýmist sem iðkendur eða áhorfendur.

- Dæmi um tónlistarhátíðir: Iceland Airwaves, sem haldin er árlega, Sónar sem síðast var haldin 2018, Secret Solstice sem haldin var síðast 2019.
- Dæmi um íþróttaviðburði: Reykjavíkurmaraþon, Laugavegshlaupið, Miðnæturlaup Suzuki, Landsmót hestamanna, Smáþjóðaleikar (síðast á Íslandi 2015) og tilfallandi landsleikir.
- Aðrir viðburðir: GayPride, vörusýningar, EVE Fanfest (er innifalið í ráðstefnugreiningunni)

Við mat á fjölda erlendra ferðamanna sem koma til Íslands í tengslum við viðburði var leitað eftir fréttatilkynningum um tilkynntan fjölda, auk þess sem KPMG setti sig í samband við forsvarsmenn ýmissa viðburða til að áætla fjölda erlendra gesta. Í sumum tilvikum gátu forsvarsmenn ekki gefið upp fjölda erlendra gesta þar sem ekki er haldið utan um þær upplýsingar sérstaklega.

Í ljósi þess að þessir viðburðir eru flestir þess eðlis að fólk er að nýta frítíma sinn í ferðalagið er ekki ástæða til þess að halda að neyslumynstur þessara ferðamanna sé annað en almenns ferðamanns. Þar af leiðandi gerði KPMG ekki tilraun til að áætla fjölda ferðamanna umfram þá viðburði þar sem fjöldi gesta er tiltölulega þekktur, eða 17 þúsund manns.

Samkvæmt greiningu KPMG eyðir meðal ferðamaður 189 þús.kr. í ferð sinni til Íslands, að flugi undanskildu. Sjá nánari útskýringu á greiningu á meðal ferðamanninum á bls. 22.

Heildartekjur vegna viðburða á Íslandi á árinu 2022 eru því áætlaðar 3.188 m.kr.

Samantekt á heildartekjum viðburðahalds árið 2022 Áætlun utan flugs



Fjöldi viðburðagesta

17 þúsund



Meðal útgöld í ferð

189 þús. kr.



Tekjur viðburðahalds

3.188 m.kr.

Heimild: Viðtöl og könnun KPMG meðal hagaðila og KPMG greining.

Samantekt og samanburður við almenna ferðamenn

Dýrmætir viðskiptavinir

Meðal ferðamaður

Til þess að leggja mat á það hvort að MICE ferðamenn sé ákjósanlegur viðskiptavinahópur þarf að bera þá saman við meðal ferðamanninn sem sótti landið heim árið 2022.

Í fjárhagsgreiningu ferðapjónustunnar sem KPMG vann í mars árið 2023 voru heildartekjur greinarinnar árið 2022 áætlaðar 409 ma.kr. Heildar gistinætur það ár voru 8,8 milljón en þar af voru gistinætur Íslendinga 1,9 milljón eða sem nemur 21,6%. Heildartekjur greinarinnar vegna erlendra ferðamanna eru því áætlaðar 321 ma.kr. Fjöldi erlendra ferðamanna sem komu til landsins í gegnum Keflavíkurflugvöll var 1,7 milljón á árinu 2022. Tekjur af hverjum ferðamanni voru því 189 þús.kr.

Samanburður við MICE

Eins og sjá má í töflunni hér til hliðar er ljóst að MICE viðskiptavinir skila meiri tekjum til landsins en meðal ferðamaður, þar sem hvataferðamaður skilar 2,7 sinnum meira og ráðstefnuferðamaður 2,1 sinnum meira.

Hvernig þetta dreifist á milli undirgreina ferðapjónustunnar er mismunandi. Í viðtölum við lykilaðila í greininni kom fram að fyrir þeim eru MICE ferðamenn allt frá því að skapa helmingi meiri tekjur upp í að skapa 10 sinnum meiri tekjur en meðal ferðamaður.

Þá má heldur ekki horfa fram hjá þeirri staðreynd að hvataferðamenn, sértaklega, eru ekki eingöngu eftirsóknarverðir vegna þess að þeir skapi meiri tekjur en venjulegur ferðamaður, heldur þjóni þeir einnig þeim tilgangi að lina árstíðasveifluna sem lengi hefur verið áskorun íslenskrar ferðapjónustu.


MICE skiptir máli

Fjöldi MICE ferðamanna er áætlaður 78 þúsund árið 2022 eða sem samsvarar 4,6% af heildarfjölda ferðamanna það ár. Á sama tíma voru tekjur MICE ferðamanna 9,3% af heildartekjum erlendra ferðamanna utan flugs, eða tæplega 30 ma. kr.

Neyslumynstur þessara MICE ferðalanga hefur því skapað 15 milljörðum hærri tekjur en af sambærilegum fjölda hefðbundinna ferðamanna.

Samanburður tegunda ferðamanna					
kr.	Fjöldi	Tekjur á dag	Fjöldi gistinátta	Heildar tekjur	MICE margfaldari
Ráðstefnugestur	39.758	91.058	4,3	387.411	2,1
Hvataferðamaður	21.520	145.512	3,5	514.750	2,7
Viðburðir	16.900	46.010	4,1	188.643	1,0
Samtals MICE	78.178	96.310	3,9	379.496	2,0
Venjulegur ferðamaður	1.700.000	46.010	4,1	188.643	1,0

Heimild: Viðtöl og könnun KPMG meðal hagaðila og KPMG greining.



3.

**Samanburður við
Norðurlöndin
skv. ICCA**

Fjöldi ICCA ráðstefna og gesta

Í samanburði við nágrannalöndin er Reykjavík í 5. sæti yfir þær borgir á Norðurlöndum með flestar ráðstefnur og fundi á árinu 2022, 55 talsins. Gautaborg og Árósar raða sér fyrir neðan Reykjavík með 39 og 30 ráðstefnur og fundi.

Ef litið er til fjölda ráðstefnugesta í stað fjölda ráðstefna hafa Reykjavík og Gautaborg sætaskipti. Meðalfjöldi ráðstefnugesta í Gautaborg (342) er töluvert hærri en í Reykjavík (225). Þennan mun má meðal annars rekja til þess að innviðir í Gautaborg til að halda stærri ráðstefnur eru betri en í Reykjavík. Ef horft er til meðalfjölda ráðstefnugesta þá er Reykjavík í 12. sæti af samanburðarborgum.

Árósar samanburðarborg?

Það fyrsta sem blasir við þegar litið er til samanburðar ráðstefnurnýma á Norðurlöndunum er að í hinum löndunum, að Færeyjum undanskildum, taka ráðstefnurnýmin allt upp í 12 þúsund manns.

Þegar horft er til stærðar ráðstefnusala ásamt fjölda ráðstefna er margt líkt með Reykjavík og Árósum sem ráðstefnuborg. Báðar borgir samnýta tónlistarhús sem ráðstefnusal sem hefur svipað rými. Meðalfjöldi gesta er nánast sá sami 225 í Reykjavík og 226 í Árósum.

Aðrir staðir á Íslandi inná listanum með alþjóðlegar ráðstefnur árið 2022 eru:


- Selfoss með 3 ráðstefnur og 483 gesti.
- Hólar með eina ráðstefnu og 81 gest.
- Hveragerði með eina ráðstefnu og 65 gesti.
- Höfn í Hornafirði með eina ráðstefnu og 53 gesti.

Samanburður við nágrannalönd 2022					
Borg	Fjöldi viðburða	Fjöldi gesta	Meðalfjöldi	Nafn helsta ráðstefnusals	Hámarksfjöldi
Noregur samtals					
Osló	67	20.114	300	Norway Convention Center	12.000
Björgvin	17	4.642	273	The Grieg Hall	3.500
Stafangur	7	2.644	378	Stavanger Forum	4.000
Þrándheimur	16	3.014	188	Trondheim Spektrum	8.500
Tromsø	6	1.116	186	Clarion Hotel The Edge	1.000
Aðrir staðir	35	4.375	125		
Danmörk samtals					
Kaupmannahöfn	102	64.071	628	Bella Center Copenhagen	8.600
Árósar	30	6.782	226	Musikhuset Aarhus	1.800
Álaborg	7	1.215	174	Musikkens Hus	4.143
Óðinsvé	8	3.428	429	Odense Congress Center	8.300
Aðrir staðir	22	3.842	175		
Ísland samtals					
Reykjavík	55	12.380	225	Harpa	2.500
Aðrir staðir	6	682	114		
Svíþjóð samtals					
Stokkhólmur	66	24.187	366	Stockholmsmässan	12.000
Gautaborg	39	13.346	342	Gothia Towers	8.800
Malmö	12	6.497	541	Malmö Arena	12.000
Lundur	8	781	98	AF-Borgen	500
Aðrir staðir	54	10.987	203		
Færeyjar samtals					
Þórshöfn	9	1.357	151	Hotel Torshavn	110
Finnland samtals					
Helsinki	69	20.534	298	Messukeskus Helsinki	10.000
Turku	15	3.015	201	Turku Fair Center	4.000
Tampere	20	3.269	163	Tampere exb center	2.000
Espoo	15	5.186	346	Dipoli	1.500
Aðrir staðir	27	5.810	215		


Heimild: ICCA Business Intelligence Tool og KPMG greining.

Samanburður milli Norðurlanda


Ráðstefnur haldnar í ráðstefnuhúsi




Ráðstefnur haldnar á ráðstefnuhótelum



Ráðstefnur haldnar í öðrum viðburðarrýmum



Heildar hlutféð ráðstefna samanburðarlanda



Hlutféð Íslands af heildarfjölda ráðstefna í ráðstefnuhúsum á Norðurlöndunum er 8,8% ef miðað er við allar ráðstefnur sem haldnar hafa verið frá 2013 – 2022.


Íslensk ráðstefnuhótel eru með 8,6% hlutféð í samanburði við önnur ráðstefnuhótel á Norðurlöndum yfir sama tímabil.

Þegar hlutféð Íslands er skoðuð s.l. 10 ár miðað við heildar fjölda ráðstefna og funda eftir löndum óháð vettvangi fundarins þá er hún 5,8%

Af því má leiða að sóknartækifæri séu ekki einungis hjá ráðstefnuhúsum og hótélum heldur einnig hjá öðrum, t.d. innan háskólanna en þar er hlutféð Íslands 5,5% yfir sama tímabil.

Önnur viðburðarrými eru af skornum skammti hér á landi og yfirleitt samnýtt með íþróttastarfi. Af því leiðir að erfitt getur reynst að nýta þá staði til ráðstefnuhalds. Sjá má að hlutféð Íslands í ráðstefnum í öðrum viðburðarrýmum er 2% og liggja þar vaxtartækifæri til að auka heildar hlutféð landsins í MICE.

Þróun hlutféðar Íslands í ráðstefnuhaldi í samanburði við Norðurlöndin




*Árið 2020 ekki samanburðarhæft og því ekki inni í greiningunni
Heimild: ICCA Business Intelligence Tool og KPMG greining.

Er Ísland dýrari MICE áfangastaður?


Í viðtölum og spurningarkönnun sem KPMG framkvæmdi meðal hagaðila í MICE ferðaþjónustu komu fram áhyggjur af því að Ísland gæti orðið of dýr áfangastaður fyrir MICE ferðamenn. Í samanburði við Norðurlöndin voru Færeyjar og Danmörk dýrari áfangastaðir en Ísland árið 2022. Finnland, Svíþjóð og Noregur voru að sama skapi ódýrari kostur en Ísland.

Meðaltími ráðstefna er mismunandi milli landa. Ráðstefnur eru að meðaltali lengstar í Finnlandi eða 3,6 daga. Næst lengstar eru þær í Danmörku og Noregi 3,4 dagar. Ísland, Færeyjar og Svíþjóð koma þar á eftir með meðallengd uppá 3,3 daga.

Meðalútgjöld ráðstefnugesta á fund og á dag 2022
í þúsundum króna



Meðal þátttökugjald ráðstefnugesta á fund 2022
í þúsundum króna



4.

**Horft fram á
vegin**

Tækifæri til stefnumörkunar

Hagur heildarinnar að fyrirtæki skilgreini MICE markaðinn með sambærilegum hætti



Skipulögð gagnasöfnun og skýr rammi styðja við greiningu á þróun og árangri

Samræmdar skilgreiningar á viðskiptavinahópi auðvelda greiningu á umfangi og þróun markaðar. Bersýnilega kom í ljós við úrvinnslu þessarar skýrslu að MICE ferðalangur fyrir einum hagaðila, er það ekki endilega fyrir öðrum.



Skilningur á hlutdeild og umfangi er grunnur að markvissri sókn í málaflokknum

Þegar búið er að ná utan um helstu stærðir markaðarins og setja í samhengi við tækifærin, er hægt að leggja drög að markvissri sókn.



Markaðsstarf sem byggir á skilgreindum markmiðum og mælingum er líklegra til að skila vexti í greininni

Forsenda þess, að hægt sé að mæla árangur sameiginlegs markaðsstarfs og skipulagðrar sóknar, er að til staðar sé samanburðarhæf og mælanleg viðmið.



Sameiginleg stefnumörkun leggur grunn að árangursríku samstarfi greinarinnar, stjórnvalda og annarra hagaðila m.t.t. uppbyggingar innviða og kynningarstarfs

Skýr framtíðarsýn, öguð gagnahögun og markviss eftirfylgni sameiginlegra aðgerða eykur vogarafl greinarinnar í heild sinni.



KPMG